

Minnisblað

Til:
Frá: Heiða Jack
Dags. 10. maí 2021
Mnr. 2021050038



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað skipulagsfulltrúa

Aðalskipulag:

Svæðið er inná miðsvæði en utan hverfisverndar



Markmið — Áhersla er lögð á eflingu miðbæja eða miðsvæða allra byggðakjarnanna í aðalskipulaginu, þ.e. Ísafjarðar, Flateyrar, Suðureyrar og Þingeyrar — Áhersla verður lögð á það að gera svæðin aðlaðandi með verndun gamalla húsa og annarra einkenna, sem og snyrtilegu umhverfi. Jafnframt er lögð áhersla á fjölbreytta starfsemi svæðanna, þ.e. starfsemi sem eflir líf í miðbæjunum — Góð tenging verði á milli miðsvæða og náttúru.

Torg í biðstöðu

Verkefnið snýst um að lífvæða og endurskilgreina svæðin með tímabundnum lausnum. Markmið verkefnisins er að búa til skemmtilegri svæði, hampa því óvænta og vera vettvangur róttækra tilrauna með borgarumhverfið. Svæðunum er úthlutað til hópa og einstaklinga sem vilja gera tilraunir til að glæða þau lífi.

Er búið að vera í gangi í 10 ár í Rvk. Verkefnin hafa tekist með eindæmum vel og skipulagsfulltrúi mælir eindregið með.

